

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 200/1992. **Ebenezer Þ. Ásgeirsson,**
Ragnheiður Ebenezardóttir og
Tryggvi Pétursson
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.
 (Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Áskorunarmál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. apríl sama ár samkvæmt þágildandi heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu 25. júní 1990.

Áfrýjendur krefjast aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefjast þeir sýknu. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., sem tók við aðild málsins af Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. 29. júní 1992, fellst á aðalkröfu áfrýjenda. Af hálfu stefnda er ekki gerð krafa um málskostnað.

Mál þetta var höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjendum og þremur mönnum öðrum. Gerði stefnandi í héraði þær dómkröfur, að stefndu yrðu in solidum gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 6.681.037,19 krónur, með dráttarvöxtum og málskostnaði.

Í stefnu segir meðal annars svo:

„Skuld þessi er skv. þremur nafnskuldabréfum útg. í Reykjavík þann 22.03.1988 af stefnda, Markusi-Aðal sf., upphaflega hvert að fjárhæð kr. 2.102.500,00, bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1968. Skv. ákvæðum bréfanna skyldi endurgreiða lánið með 36 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 10.06.1988, og skyldi greiða 7,5% vexti af skuldabréfunum. Heimild er í skuldabréfunum til að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfanna, ef ekki eru

staðin skil á greiðslum af bréfunum. Ákvæði er í bréfunum um hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilum skuldarinnar. Skulda-bréfin eru gefin út á nafn stefndu, Guðlaugar Jónsdóttur, sem framselt hefur Verðbréfasjóðnum hf. skuldabréfin skv. varðveittu umboði til framsals. Skuldabréfin eru síðan framseld stefnanda skv. varðveittu umboði. Stefndu, Ebenezer Ásgeirsson, Sigurður Björg-úlfsson, Tryggvi Pétursson og Ragnheiður Ebenezardóttir, hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfanna. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hefur ekki verið staðið skil á greiðslum af bréfunum frá og með gjalddaga 10.06.1988, og er málsókn því óhjákvæmileg. Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig:

Gjaldf. verðb. höfuðstóll 10.06.1988	kr. 6.573.517,53
vextir frá 22.03.1988 til 10.06.1988	— 106.819,66
bankakostnaður	— 700,00
Samtals	kr. 6.681.037,19

Greiddar hafi verið inn á skuld þessa kr. 238.386,00 hinn 11.10.1988 og kr. 3.363.986,00 þann 25.09.1989.“

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1990. Var þá bókað, að þing væri sótt fyrir stefndu. Stefnandi fékk síðan frest til frekari málaltilbúnaðar til 6. mars sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag var þing ekki sótt af hálfu stefndu, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefnanda. Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, ritaði 25. júní 1990 svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 509.000 í málskostnað þ. m. t. virðisaukask., eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Stefna máls þessa til bæjarþings Reykjavíkur var aldrei birt áfrýjendum, og stefndi hefur viðurkennt, að aldrei hafi staðið til að fá hana áritaða um aðfararhæfi gagnvart þeim og að lögmaður sá, er mætti á bæjarþingi fyrir þeirra hönd, hafi ekki haft til þess umboð. Samkomulag er því um, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, að því er áfrýjendur varðar. Ber að fallast á þá niðurstöðu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum sameiginlega 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er ómerkt, að því er varðar áfrýjendur, Ebenezer Þ. Ásgeirsson, Ragnheiði Ebenezerdóttur og Tryggva Pétursson, og þeirra hluta málsins vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., greiði áfrýjendum sameiginlega, 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
